



Innflytjendur á Austurlandi

aðlögun, staða og viðhorf

Samsetning íbúa




Menntunarstig innflytjenda



Hlutfall háskólamenntaðra á Austurlandi var árið 2013 nokkuð lægra en landsmeðaltalið (yfir 30%). Hlutfall kvenna með háskólamenntun á Austurlandi var 27% og hlutfall karla 20%. Töluvert hærra menntunarstig er meðal innflytjenda en er að meðaltali á svæðinu. Nær helmingur kvenna er með háskólamenntun og 40% karla. Um 15% af báðum kynjum er með grunnskólapróf sem hæsta lokna próf sem er mun lægra hlutfall en að meðaltali er á Austurlandi þar sem nær þriðjungur karla og kvenna hefur aðeins lokið grunnskólaprófi.

Uppruni innflytjenda



Á Austurlandi eru rúmlega 10 þúsund íbúar. Af þeim eru um 900 innflytjendur. Pólverjar eru lang fjölmennastir og yfir helmingur erlendra ríkisborgara á Austurlandi. Innflytjendur koma frá tæplega 50 löndum, af þeim koma 10 eða fleiri aðeins frá 10 löndum og 20 eða fleiri frá 6 löndum.


Móttaka innflytjenda

Ekkert sveitarfélaganna á Austurlandi fylgir sérstakri aðgerðaáætlun þegar kemur að móttöku nýrra íbúa/innflytjenda að fullu þó að nokkur þeirra hafi á einhverjum tímavarki gert það. Ekkert þeirra er með sérstaka stefnu í málefnum innflytjenda. Þó var í langflestum tilfellum einhver vinna í gangi við að bjóða fólki velkomið, einkum ef fólki átti erindi á hrepps-/bæjarskrifstofunum.

Upplifun innflytjenda

Innflytjendur eru almennt sáttir við það umhverfi sem mætir þeim þegar þeir flytjast á Austurland og telja að vel sé tekið á móti þeim, upplýsingagjöf sé nokkurn veginn í lagi og að þeir mæti stuðningi samfélagsins við að aðlagast.

Innflytjendur á Austurlandi virðast almennt fremur ósammála því að börn þeirra fái aðstoð við að viðhalda móðurmálinu og þeir telja að meira tillit mætti taka til þeirra varðandi birtingu auglýsinga og svæðisfrétta, t.d. með því að birta slíkt oftar á ensku eða pólsku. Hluti innflytjenda virðist einnig þeirrar skoðunar þeim bjóðist ekki sömu tækifæri og öðrum íbúum Austurlands.



Upplýsingar og þjónusta

Heimasíður sveitarfélaga á Austurlandi eru yfirleitt ekki hannaðar m.t.t. til innflytjenda. Oft skortir upplýsingar á öðru tungumáli en íslensku sem og samantekt eða yfirlit yfir upplýsingar sem eru gagnlegar fyrir þá sem eru að flytja nýir á staðinn og þá sérstaklega þeir sem koma frá öðru landi. Undantekning er heimasíða Fljótsdalshéraðs.

